

# HELMIR



VIII. árgangur

WINNIPEG, 1911.

2. blað.

## Lífs og liðinn.

---

Hann þótti slunginn, sleipur, flækin  
og slyngur að hlaða' undir fyrirtøkin.

Hann bar í mörgu af bræðrunum rösku —  
þeir bölvuðu honum í sand og ösku.

Hann hélt á þeim eins og hefli og sög,  
og hjó og grópaði þeirra lög.

Og eftir samlyndis kuldakafinn  
þeir köstuðu út netinu. — Hann sá um afþann.

Svo dó hann. — Þá féllst til æðruefni  
og orðgjálpin klauf sig á nýju stefni :

Í lífinu var hann misindismaður,  
í moldinni er hann dánumaður.

KR. STEFÁNSSON.

---